

Fundargerð – 511. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 11. febrúar 2020, kl. 16:30 í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir janúar.
2. Starfsmannamál.
3. Bréf frá Íslenska Gámafélaginu um frekara samstarf fyrirtækjanna.
4. Stefnuáherslur 2019 - forgangsröðun 2020.
5. Önnur mál.

1. Framkvæmdastjóri stiklaði á stóru í rekstri Kölku frá síðasta stjórnarfundu. Í kynningu hans kom m.a. eftirfarandi fram:

- a. Útskipun á botnösku til förgunar í Noregi lauk 28. jan. Móttaka efnisins í Noregi var staðfest nokkrum dögum síðar. Unnið er að uppgjöri á kostnaði við flutninginn. Þar sem verkefnið hafði tafist (upphaflega áætlað snemma hausts 2019) þurfti að skilja eftir 150 tonn (1300 tonnum skipað út) þar sem þau voru umfram útgefið leyfi.
- b. Framkvæmdastjóri fundaði með Jóni Ben Einarssyni og Einari F. Bjarnasyni hjá umhverfis- og skipulagssviði Suðurnesjabæjar í janúar. Kynntar voru stefnuáherslur stjórnar Kölku.
- c. Kalka átti hlut að máli við undirbúning athugasemda Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarp umhverfisráðherra um meðhöndlun úrgangs og aðlögun að EES regluverki.
- d. Nánara samstarf Kölku og Efnamóttökunnar við förgun spilliefna hefur skilað þeim árangri að birgðir voru á þrotum hjá Efnamóttökunni um mánaðamót.
- e. Bæði Íslenska Gámafélagið og Terra hafa lýst áhuga á samstarfi við Kölku sem m.a. fæli í sér að gámafélögin kæmu með efni til brennslu í Kölku.
- f. Farið var yfir stöðuna í samskipta- og fræðslunefnd stjórnar Kölku. Páli Orri Pálssyni falið að taka að sér forystu í nefndinni sem hefur umsjón með m.a. endurskoðun markaðs- og kynningarstarfi og endurnýjun vefsíðu Kölku.

2. Starfsmannamál: Trúnaðarmál.

IRI
ARK
Pop


3. **Bréf frá Íslenska gámafélaginu um frekara samstarf:** Þann 7. febrúar barst Kólku bréf frá ÍG þar sem lagt er til frekara samstarf fyrirtækjanna. Það gæti m.a. falist í að tryggja efni til brennslu með böggðuðum varabirgðum. Afsetning efnis frá Kólku í rekstrarstoppum. Undirbúningi flokkunar lífræns úrgangs, söfnun lífræns úrgangs og moltugerð, kynningarmál o.fl. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að kalla eftir frekari upplýsingum og skoða málið nánar.
4. **Stefnuáherslur stjórnar í byrjun árs:** Stjórn fór yfir forgangsöröðun verkefna sem eru hluti af stefnuáherslum stjórnar í byrjun árs. Ber þar að nefna kynningar- og markaðsmál, frekari flokkun á heimilissorpi, útfærslu grenndarstöðva og nýjar leiðir í meðhöndlun á hreinu timbri. Framkvæmdastjóra falið að úthluta verkefnum og setja forgangsverkefni af stað.
5. **Önnur mál:**
Stjórnarformaður lagði til að það fyrirkomulag sem hefur viðgengist að formaður stjórnar Kólku eigi sæti í Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi haldist óbreytt. Því kemur núverandi stjórnarformaður Önundur Jónasson til með að taka sæti Ingu Rut Hlökkversdóttur í nefndinni f.h. Kólku. Sú tillaga var samþykkt. Inga Rut Hlökkversdóttir vill koma á framfæri þakklæti fyrir samstarfið til nefndarinnar. Framkvæmdastjóra falið að senda tilkynningu til nefndarinnar um þessar breytingar.


Næsti fundur er áætlaður 10. mars kl. 16.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00



Önundur Jónasson


Ásrún Kristinsdóttir


Laufey Erlendsdóttir


Páll Orrí Pálsson


Inga Rut Hlökkversdóttir


Steinþór Þórðarson